

Egill spá­maður

Höfundur texta og mynda: Lani Yamamoto (Íslandi), Angústúra, 2019. Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2020.

Söguþráður: Egill sækist eftir reglufestu og er mjög sérstakur. Honum leiðist á virkum dögum en hann nýtur sín um helgar þegar hann þarf ekki að segja neitt. Honum líður best þegar hann er einn og hann heldur að hann þurfi ekki að eiga vini. En dag einn þegar ný stelpa birtist í bekknum lifnar allt við.

Efnisorð: Vinátta, vera útundan, sjónarhorn barnsins, reglufesta, lífið í skólanum, leikur, náttúra, almanök, hafið, Reykjavík.

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Sjáið þið strákinn Egil? Horfið út um gluggann, hvernig eru skýin núna?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin fjalli?
2. Af hverju ætli séu svona margar tölur á kápumyndinni?
3. Er Egill líkur þér? Finnst þér gaman að tala í (leik) skólanum? Velurðu þér alltaf sama sælgætið um helgar? Sérðu myndir í skýjunum eins og Egill?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Í stærðfræðitíma er lögð spurning fyrir Egil. Veist þú svarið við henni? Af hverju heldurðu að Egill svari vitlaust þegar hann veit svarið? Vorkennir þú Agli?
2. Af hverju heldurðu að nýja stelpa elti Egil? Af hverju heldurðu að Egill reyni að flýja?
3. Skoðaðu myndina af landakortinu. Teiknaðu kort með skólanum þínum, heimili þínu og öðrum mikilvægum stöðum. Hvaða stað heldurðu mest upp á?



ISBN 978-952-7486-51-1

4. Teiknaðu tvær myndir af sömu ströndinni. Hvernig lítur ströndin út þegar er flóð? Hvernig lítur hún út þegar er fjara?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Krakkarnir í bekknum hlæja að Agli þegar hann svarar vitlaust. Hefur einhvern tíma verið hlegið að þér í bekknum þínum? Hvernig er það?
3. Þekkirðu krakka sem minna á Egil?
4. Ef þú gætir séð inn í framtíðina, hvað myndirðu þá vilja vita og hvað myndirðu ekki vilja vita?
5. Hvers vegna eru almanök í bókinni? Hvernig eru þau notuð í sögunni?
6. Skoðaðu eingöngu myndirnar. Hvernig væri sagan án texta?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Ud af det blå. Höfundar: Rebecca Bach-Lauritsen og Anna Margrethe Kjærgaard.

Óliver. Höfundur: Birgitta Sif.

MÁLAMOLI

"Vinur"

sænska

Vän

danska

Ven

norska

Venn

íslenska

Vinur

færeyska

Vinur

grænlenka


Ikinngut

finnska

Ystävä

norðursamíska

Ustit



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)